



Þriggja ára nám til stúdentsprófs

Næsta skólaár mun Verzlunarskólinn hefja nýtt skeið í 110 ára sögu sinni því þá verður í fyrsta sinn kennt eftir nýrri námskrá en með henni verða stúdentar útskrifaðir á þremur árum í stað fjögurra ára. Boðið verður upp á fjórar námsbrautir til stúdentsprófs; alþjóðabraut, lista- og nýsköpunarbraut, náttúrufræðibraut og viðskiptabraut.

Mikil stefnumótunarvinna hefur innt af hendi innan skólans í tengslum við breytingarnar og rík áhersla lögð á að halda sömu gæðum og að sú menntun sem verður í boði sé ekki síðri eða lakari á nokkurn hátt. [Afraksturinn má sjá á heimasíðu skólans](#) og sérstakt kynningarmyndband fyrir 10. bekkingar má sjá [hér](#).

Einungis verður boðið upp á þriggja ára námsbrautir til stúdentsprófs og munu fyrstu nemendurnir innritast á þær nú í vor 2015. Við undirbúning brautanna voru aðgangsviðmið háskólanna höfð til hliðsjónar og skólinn getur boðið upp á nám sem undirbýr nemendur á þremur árum fyrir hvaða nám sem er á háskólastigi.

Næsta skólaár verður 5 dögum lengra en það sem nú er að líða og skilin milli prófa og kennsludaga hafa verið afnumin. Fyrir vikið mun virkum kennsludögum fjölga og nemendur mega búast við að kennt verði lengra inn í desember og maí mánuði.

Fyrirtækjasmíðja VÍ: Vörumessa í Smáralind 10. -11. apríl

Innan skólans eru nú starfandi 21 fyrirtæki í áfanganum rekstrarhagfræði 323 og þjóðhagfræði 313, á viðskiptasviði og hagfræðisviði. Nemendur þessa áfanga taka þátt í vörumessu í Smáralind 10. og 11. apríl n.k. Áfanginn er kenndur samtímis í 6 framhaldsskólum og koma allir þeir nemendur saman í Smáralind til að kynna og selja vörur sínar og þjónustu.

Við hvetjum alla til að mæta í Smáralindina helgina eftir páska og skoða afrakstur annarinnar. Nýsköpunarmiðstöð Íslands er skólunum til halds og trausts í þessum áfanga. Þau veita ráðgjöf og aðstoðu, setja upp vörumessuna í Smáralind og veita verðlaun fyrir besta fyrirtækið í lok annar.

Fyrirtækin eru stofnuð í kringum ýmsar vörur, frá baðsalti til bindisnælu og allt þar á milli.

Hægt er að kynna sér Facebooksíður fyrirtækjanna [hér](#):

Kosningar í nemendafélaginu

Í nýrri aðalnámskrá framhaldsskólanna segir að lýðræði í sinni víðustu mynd eigi að vera einn af grunnþáttum skólastarfs sérhvers framhaldsskóla. Í því felst meðal annars að undirbúa nemendur undir þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi. Þetta er mjög mikilvægt hlutverk enda skiptir miklu að einstaklingar séu virkir í samfélaginu og hafi vilja til þess að nýta sér þau áhrif sem hann getur haft á ákvarðanir sem teknar eru um hans eigið líf, líf annarra og umhverfið.

Lýðræði er vissulega til umfjöllunar í námsefni skólans en líklegast fá nemendur hvergi betra tækifæri til þess að taka þátt í beinu lýðræði en í kosningunum til embætta innan nemendafélagsins. Í þessari viku fara fram kosningar innan NFVÍ og þá þurfa nemendur að taka gagnrýna og ígrundaða afstöðu til samnemenda sinna sem eru í framboði og málefna sem varða nánustu framtíð þeirra. Nemendasamfélagið hefur verið mjög upptekið af kosningunum, enda mjög frambærilegir nemendur að bjóða sig fram, og margar áleitnar spurningar vaknað um framgang lýðræðis og aðferðir frambjóðenda við að vekja athygli á sínum málstað. Fyrir foreldra og forráðamenn er nú kjörið tækifæri til þess að taka upp umræðu um lýðræði almennt heima fyrir.

Tilkynningar

Próftafla vorannar er komin á heimasíðuna og hana má nálgast [hér](#).

Dagatal skólaársins 2015-2016 er komið á heimasíðuna og má einnig nálgast [hér](#).

Skólanum verður lokað klukkan 16:00 föstudaginn 27. mars og hann opnaður aftur miðvikudaginn 8. apríl klukkan 7:30.



Verzlunarskólablaðið

Verzlunarskólablaðið kom út við hátíðlega athöfn í Bláa sal föstudaginn 20. mars. Blaðið er veglegt að vanda, fjölbreytt og fjörlegt. Um 250 síðna bók er að ræða með greinum, viðtölum, smásögum, myndum og öðru efni frá nemendum. Forráðamenn eru hvattir til þess að kynna sér blaðið og gægjast aðeins inn í félagslíf nemenda síðastliðið ár.

Við óskum Jónu Þóreyju Pétursdóttur ritstjóra blaðsins, Andreu Gunnarsdóttur, Arnari Inga Ingasyni, Evu Örku Hafstein, Gylfa Tryggvasyni, Herði Guðmundssyni, Vöku Njálsdóttur og Þorgeiri K. Blöndal sem eiga sæti í ritnefnd blaðsins og öllum þeim sem komu að útgáfu blaðsins til hamingju.

Þáskabingó

Fimmtudaginn 26. mars kl. 20:00 mun 6. bekkjarráð standa fyrir þáskabingó í Bláa sal skólans.

Allur ágóði rennur í söfnunarsjóð útskriftanema en leið þeirra liggur í útskriftarferð til Marmaris á Tyrklandi í maí. Veglegir vinningar í boði.